

Tillaga til bæjarstjórnar

Tillögu flytjandi: Meirihluti B, C og S lista

Efni: Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar 2024-2027

Dags: 8. nóvember 2023

Tillaga:

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á forsendum fyrirbyggjandi fjárhagsáætlunar:

- Gjaldskrár hækki að jafnaði um 7,5% í stað 8,9% eins og lagt er til grundvallar í fjárhagsáætlun sem liggur fyrir bæjarstjórn.

Tillagan leiðir til þess að tekjur af þjónustugjöldum lækka sem nemur 11,6 m.kr.

- Fasteignaskattur C verði 1,495% á árinu 2024 í stað 1,510% eins og lagt er til grundvallar í fjárhagsáætlun sem liggur fyrir bæjarstjórn.

Tillagan leiðir til þess að tekjur af fasteignaskatti C lækka sem nemur 6,5 m.kr.

Lagt er til að framangreindar breytingar verði lagðar til grundvallar þegar gjaldskrár verða lagðar fyrir til afgreiðslu.

Greinargerð:

Í fjárhagsáætlun 2024-2027 eru lagðar til grundvallar forsendur við útreikning tekna vegna skatta og þjónustugjalda.

Almennt eru einstakar gjaldskrár lagðar fram til afgreiðslu í bæjarráði á milli fyrir og síðari umræðu í bæjarstjórn sem byggjast á þeim forsendum. Í ljósi góðrar rekstrarniðurstöðu og þess svigrúms sem það skapar er lagt til að hækkun gjaldskráa verði minni en gert er ráð fyrir í drögum að fjárhagsáætlun. Er því lagt til að gjaldskrár hækki að jafnaði um 7,5% í stað 8,9%.

Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að álagningarprósenta fasteignaskatts af íbúðarhúsnæði (fasteignaskattur A) lækki til að koma til móts við hækkun fasteignamats auk þess sem gert er ráð fyrir að álagningarprósenta fasteignaskatts C (atvinnuhúsnæði) lækki úr 1,520% í 1,510%. Í þessari tillögu er gert ráð fyrir að álagningarprósenta fasteignaskatts C lækki enn frekar og verði 1,495%.

Með þessari tillögu er leitast við að draga úr áhrifum verðlagshækkana á íbúa og atvinnulífið.

Virðingarfyllst,

Halla Karen Kristjánsdóttir
Anna Sigríður Guðnadóttir
Lovísa Jónsdóttir
Aldís Stefánsdóttir

Sævar Birgisson
Örvar Jóhannsson